

Aðstoð óskast enn!

Number needed to treat

Þetta heiti er notað til að tákna þann fjölda sjúklinga sem meðhöndla þarf til að tiltekinn árangur náist. Í 180. pistli voru settar fram tvær tillögur: **naudsynlegur meðferðarfjöldi** og **árangursskilafjöldi**.

Number needed to harm

Þetta heiti lýsir hins vegar neikvæðum afleiðingum meðferðar og gefur til kynna hvaða fjölda sjúklinga þarf að gefa sömu meðferð í meðferðartilraunum til að víst sé að tiltekin aukaverkun komi fram. Í 181. pistli var spurt hvort heitið **skaðatala** kæmi til greina.

Case manager

Heitið nær til heilbrigðisstarfsmanns sem er nokkurs konar leiðsögumaður sjúklinga um völundarhús greiningar og meðferðar, utan eða innan stofnana. Hlutverk hans getur einnig verið að reka á eftir og sjá til þess að staðið sé við áætlanir. Í 180. pistli var stungið upp á íslenska heitinu **meðferðarfulltrúi**, en að **tengill** og **tengiliður** gætu einnig komið til greina.

Keratosis pilaris

Heitið lýsir húðbreytingum, sem oftast koma fyrir á þjóhnoðpum og lærum hjá unglíngum, en einnig á kinnum hjá ungbörnum. Húðin verður hrjúf og fær grófa áferð, sem oft er líkt við sandpappír. Í 178. pistli var stungið upp á íslensku heitinum **hnökrahúð**, **hárhnökrahúð** eða **hyrnhnökrahúð**.

Microcirculation

Heitið vísar til blóðrásar í smáæðum (microvasculature), slagæðlingum (arterioles), háráðum (capillaries) og bláæðlingum (venules). Lagt var til íslenska heitið **smáæðablóðrás**. Reyndar var einnig spurt í 177. pistli hvort einhver þörf væri fyrir heitið **öræðablóðrás**.

Afsamþykkja, ósamþykkja

Í 177. pistli var einnig beðið um aðrar tillögur í stað ofangreindra orðskrípa. Þau hafa að sögn komist í notkun í tilteknu tölvukerfi þar sem verið er að afturkalla áður gefið samþykki á færslu.

Svæsni

Í 172. pistli var spurt hvort íslenska nafnorðið **svæsni** væri nothæft til að lýsa alvarleika sjúkdóms eða einkenna, til dæmis í setningunni: „The severity of her symptoms was such that she could not

stay still.” sem yrði þá: „Svæsni einkenna hennar var slík að hún gat ekki verið kyrr.”

Near-syncope

Íðorðasafn lækna tilgreinir íslensku þýðingarnar: *yfirlið*, *ómegin*, *aðsvif* og *öngvit* fyrir **syncope**, *tímabundið meðvitundarleysi vegna almennrar blóðþurrðar í heila*. Fram kom sú tillaga í 171. pistli að **syncope** yrði nefnt **yfirlið** og að fyrirbærið **near-syncope** nefndist þá **aðsvif**.

Reperfusion injury

Í 171. pistli var þess getið að frumuskemmdir gætu komið fram eftir að flæði hefst aftur í vef sem orðið hefur fyrir blóðþurrð. Þar sem **perfusion** er *gegnflæði* og **injury** er *skemmd* eða *áverki*, var stungið upp á heitinu **endurflæðiáverki**.

Manipulation

Umræðan fór fram í 169. og 170. pistli. Heitið var talið vísa til aðgerðar eða verknaðar þar sem tiltekinn líkamshluti væri hreyfður, lagaður eða færður til með höndum eða á einhvern annan hátt. Bent var á nafnorðið **handfjötlun** og að sögnin **manipulate** gæti vísað til þess að **handstýra**. Þá var spurt: Í hvaða samhengi eru þessi orð notuð og hvaða verknaði eiga þau að lýsa í læknisfræðilegu samhengi?

PCR

Fullt heiti á fyrirbærinu er **polymerase chain reaction** og með því að þýða orð fyrir orð má setja saman heitið **fjölliðunarensíms-keðjuafna-breyting**. Það er ekki lipurt. Aðferðin er orðin mjög útbreidd á rannsóknastofum og því var lýst eftir íslensku heiti í 168. pistli. Vakin var athygli á heitinu **magni** sem stungið hafði verið upp á til að vísa í þá mögnun erfðaefnis sem fram kemur við efnabreytinguna.

Mobilization

Í 167. pistli var því lýst að notkunarsviðin væru mörg og að heitið væri notað um: 1. *útleysingu frumna úr beinmerg*, 2. *útlösun efna úr forðabúri í vefjum eða frumum í líffæri*, 3. *virksun varnarviðbragða*, 4. *ræsingu liðsauka á stofnun til vinnu eða í útkall*, 5. *lösun líffæris úr samvöxtum eða náttúrlegri festingu við skurðaðgerð* og 6. *liðkun liða og liðamóta*. Aðeins var lögð fram tillaga að lausn fyrir hið fyrst talda af þessum notkunarsviðum, **útleysing**.



Jóhann Heiðar
Jóhannsson

johannhj@landspitali.is

Jóhann Heiðar er læknir
á Landspítala Hringbraut.